



**Félagafundur Sorpstöðvar Suðurlands bs haldinn föstudaginn 15. desember 2017, kl. 13 að Austurvegi 56, Selfossi.**

Formaður stjórnar SOS, Jón G. Valgeirsson, setti fund, samþykkt var samhljóða að hann yrði fundarstjóri og Ásta Stefánsdóttir yrði ritari.

Farið var yfir lögmæti fundarins. Mætt er fyrir hönd allra eigenda og er fundurinn því lögmætur. Auk fulltrúa eigenda sat Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, fundinn.

**Dagskrá:**

**1. Orkugerðin ehf**

Hlutfjár aukning, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, stjórnarformaður Orkugerðarinnar ehf., kynnti stöðu félagsins og tillögu um hlutfjár aukningu.

Til máls tóku Árne Eiríksson, Ásta Stefánsdóttir, Gunnsteinn Ómarsson, Ágúst Sigurðsson, Jón G. Valgeirsson, Gunnar Þorgeirsson, Friðrik Sigurbjörnsson og Bjarni Guðmundsson. Guðmundur Tryggvi svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Tillaga stjórnar Orkugerðarinnar um hækkun hlutfjár sem nemur 20 mkr var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða að kaupa nýjan hlut í hlutfalli við hlutfjáreign á genginu 1,0. Samþykkt var að nýta ekki forkaupsrétt Sorpstöðvarinnar til að kaupa aðra hluti, þó svo að þeir kunni að verða í boði. Kaupin verða fjármögnuð með eigin fé Sorpstöðvarinnar.

Samþykkt var að fela Bjarna Guðmundssyni að annast frágang hlutfjárkaupanna.

**2. Önnur mál**

Formaður stjórnar SOS kynnti stöðu mála varðandi úrvinnslu tillagna sem samþykktar voru á aðalfundi SOS í október sl. Einnig sagði hann frá stöðu mála varðandi samninga við Sorpu um urðun. Þá verður fundur með stjórn SSH í næstu viku um urðunarstað. Stjórn mun leitast við að koma upplýsingum til sveitarfélaganna um áframhaldandi þróun vinnu á sviði úrgangsmála út frá samþykktum tillögum aðalfundar.

Fundi slitið kl. 13:50.

Jón G. Valgeirsson  
Valtýr Valtýsson  
Kristófer Tómasson  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Ágúst Sigurðsson

Gunnsteinn Ómarsson  
Gunnar Þorgeirsson  
Árne Eiríksson  
Ásta Stefánsdóttir  
Bjarni Guðmundsson